

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps
mánudaginn 2. mars 2009 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson Magnusen, Eiríkur Kristjánsson,
Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá:

1. Bréf dags. 25. febrúar 2009 frá Böðvari Jónssyni f.h. Andl. þjóðarráðs Bahá'ía á Íslandi með ósk um umsögn vegna girðingar á 60 ha landspildu á Skógum í Þorskafirði. Nefndin gerir ekki athugasemdir við girðingu umrædds svæðis. Leita skal samþykkis minjavarðar Vestfjarða.
2. Bréf dags. 15. febrúar 2009 frá Birni Samúelssyni f.h. Eyjasiglinga ehf með ósk um framkvæmdaleyfi fyrir eftirfarandi:
 1. Lagningu rafmagns niður á hafnarsvæði á Stað.
 2. Uppsetningu á ljósamastri og stofnkassa með tenglum á hafnarsvæði á Stað.
 3. Bílastæði austan við veg að hafnarsvæði.
 4. Vatnslögn frá Árbæ niður að höfn.
 5. Stækkun á innskoti fyrir flotbryggju í pollinum við Staðarhöfn.
 6. Uppsetningu á bakmerkjum fyrir innsiglingamerki í Vörðuhólma við höfnina á Stað.

Liður 1 – 6: Þar sem Staðarhöfn er í eigu íslenska ríkisins og í umsjá Siglingastofnunar telur nefndin eðlilegra að beiðni um framkvæmdaleyfi komi frá Siglingastofnun, þar sem umsækjandi lagði ekki fram umboð frá eiganda hafnarinnar.

7. Gerð tjaldstæði og salernisaðstöðu austan vegar skammt frá hafnarsvæðinu.

Liður 7: Erindið samþykkt með fyrirvara um afmörkun lóðar og lóðarleigusamning við landeigendur. Hafa skal samband við minjavörð Vestfjarða og heilbrigðisfulltrúa til að leita samþykkis þeirra.

3. Tölvupóstur frá Ívari P. Arasyni f.h. Siglingastofnunar með ósk um framkvæmdaleyfi fyrir sjóvarnargarði í Flatey. Erindið samþykkt. Leita skal samþykkis minjavarðar Vestfjarða.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:25.

Egill Sigurgeirsson (sign)	Bogi Kristinsson Magnusen (sign)
Eiríkur Kristjánsson (sign)	Sveinn Ragnarsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)	